

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um skattlagningu styrkja úr sjúkra- og styrktarsjóðum.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

1. Hversu miklar skatttekjur hafði ríkissjóður af framlögum og styrkjum úr sjúkra- og styrktarsjóðum stéttarfélaganna á árunum 2004 og 2005?
2. Telur ráðherra að skattlagning sjúkrastyrkja hafi lagastoð?
3. Hvaða stefnubreyting varð á árinu 2002 þegar farið var að leggja skatt á sjúkrastyrki án þess að til lagabreytinga hafi komið?
4. Telur ráðherra skattlagninguna eðlilega og ef svo er, með hvaða rökum?
5. Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingu á þessari skattlagningu?